



**Hagstofa Íslands**

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/458*  
*komudagur 29.6.2009*

29. júní 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 62. mál, hámarkshækkun verðtryggingar fjárskuldbindinga.**

Viðskiptanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um vexti og verðtryggingu, 62. mál, hámarkshækkun verðtryggingar fjárskuldbindinga.

Verðtrygging fjárskuldbindinga byggist á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 með síðari breytingum. Þar er kveðið á um að heimilt sé að verðtryggja sparifé og lánsfé sé miðað við vísitölu neysluverðs. Ákvörðun um að nota neysluverðvísitölu til verðtryggingar er því ekki á valdi Hagstofunnar. Hún reiknar neysluverðvísitöluna eftir viðurkenndri alþjóðlegri aðferðafræði og í samræmi við lögin, nr. 12/1995, sem um hana gilda.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

---

Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri